

Reykjavík 29. janúar 2019

Til stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins

Í lok júní síðast liðinn fékk TR til afgreiðslu álit umboðsmanns Alþingis nr. 8955/2016, dagsett 20. júní 2018. Rúmlega hálfu ári seinna hafa greiðslur til þeirra sem álitid nær til enn ekki verið leiðréttar né útreikningur búsetuhlutfalls þeirra verið leiðréttur.

Á frétt á heimasíðu TR frá 7. janúar sl. kemur fram að Tryggingastofnun vilji ítreka að úrskurðarnefnd almannatrygginga sem og núverandi úrskurðarnefnd velferðarmála hafi í gegnum tíðina staðfest úrskurði stofnunarinnar varðandi búsetuútreikning örorkulífeyrisþega. Sömu fullyrðingar hafa heyrst frá fyrirvarsmönnum TR í fjölmiðlum.

Með þessu er gefið til kynna að framkvæmdin hafi verið óumdeild til fjölda ára. Þetta er rangt og ÖBÍ gerir alvarlegar athugasemdir við að þessu sé haldið fram.

Í úrskurðum sínum nr. 178/2009 (Endurhæfingarlífeyrir), nr. 221/2009 (Örorkulífeyrir) og nr. 287/2012 (Örorkulífeyrir) var framkvæmd TR ekki staðfest. Þvert á móti var ákvörðun TR felld úr gildi og málinu vísað til Tryggingstofnunar til fyllri meðferðar.


Á þeim tíma sem Úrskurðarnefndar almannatrygginga starfaði var einungis hluti úrskurða hennar birtur. Því gætu verið til fleiri úrskurðir með sömu niðurstöðu og í framangreindum málum Auk þess hefur ÖBÍ í fjölmörg ár bent TR á þau atriði sem umboðsmaður Alþingis og velferðarráðuneytið telja nú að séu skýr og augljóslega rétt niðurstaða.

Samkvæmt framangreindu hefur TR um margra ára skeið verið fullkunnugt um að framkvæmd búsetuútreikninga hafi ekki verið óumdeild og ekki verið staðfest af úrskurðarnefnd í einu og öllu.

Meðfylgjandi eru svar félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn Steinunnar Þóru Árnadóttur um fjölda lífeyrisþega sem fá skertar greiðslur vegna búsetu erlendis.

Þá vill Öryrkjabandalag Íslands koma því á framfæri að ekkert sé því til fyrirstöðu að hefja útgreiðslur samkvæmt réttum útreikningi nú þegar. Útreiknireglan liggur fyrir og TR hefur allar upplýsingar sem þarf.

Virðingarfyllt



Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ